

Ár 2025 föstudaginn 14. febrúar, er dómþing haldið í Dómstóli ÍSÍ að Eyravegi 15, Selfossi af Ólafi Björnssyni dómara við dómstól ÍSÍ.

Fyrir er tekið málið nr. 10/ 2024.

Ivan Zakharov

Forsjáraðili og fyrirvarsmaður:

Elena Zakharova

gegn

Skautafélagi Reykjavíkur, Íshökkídeild

ÚRSKURÐUR:

I.

Kæra

frá Elena Zakharova Kt.: 080971-2229 Heimilisfang: Arnarsmári 28.f.h.ólögráða sonar síns Ivan Zakharov, kt.: 020913-3470

á hendur

Skautafélag Reykjavíkur, Íshökkídeild kt.: 561092-2309-Heimilisfang: Múlavegur 1

barst skrifstofu ÍSÍ þann 14. nóv 2024

Málinu var úthlutað til Ólafs Björnssonar hrl – dómara við dómstól ÍSÍ. Ákveðið var að málsmeðferð yrði skrifleg.

Kröfugerð kæranda:

Kærandi gerir kröfu um að kærði dragi ákvörðun sína, sbr. tölvupóstur dags. 08.11.2024, til baka og tryggi honum viðeigandi aðlögun á meðan æfingu stendur, þannig að hann fái notið sama réttar og aðrir iðkendur að barnastarfi Skautafélags Reykjavíkur en sæti ekki óvilhallri meðferð sökum fötlunar sinnar.

Málsatvik

Forsvarsmaður kæranda segir svo frá í kæru:

Barnið mitt Ivan sem er 11 ára, er að æfa íshökkí hjá Skautafélagi Reykjavíkur. Síðasta miðvikudag 06.11.2024 var ég beðinn um að koma á fund þar sem mættu 2 menn úr stjórn félagsins og

Kristín Skjaldardóttir frá Samskiptaráðgjafa. Á fundinum var mér tilkynnt að stjórn félagsins, þjálfarar og foreldrar barna vilji ekki að barnið mitt haldi áfram að æfa íshokki vegna þess að hann líti út og hagi sér eins og hann sé með einhvers konar greiningu. Sem svar við orðum mínum um að ég væri í nágrenninu allan tímann og hefði aldrei séð neitt þessu líkt, var mér sagt að við værum bæði óæskileg í félaginu.

Stjórnandi félagsins Bjarni Helgason sagði að þeir gætu ekki sparkað Ivan alveg út, svo þeir voru að senda hann í ótímabundið leyfi þar til ég kæmi með mann sem myndi fylgja honum allan tímann.

Ég sagði að þetta væri niðurlægjandi og ólöglegt og bað um formlegt bréf. Daginn eftir sendi Bjarni mér þetta:

„Sæl Elena

Eins og þú óskaðir þá er hér það sem við ræddum í gær skriflegt. Við fórum yfir ástæður þess að við í stjórn íshokkídeildar sjáum ekki annað fært en að Ivan taki sér frí frá æfingum þar til hann fær stuðning sem getur verið með honum inn á ís og inn í klefa í Skautahöllinni. Markmiðið með þessum stuðningi væri að hjálpa honum með samskipti og hegðun gagnvart öðrum iðkendum svo hann geti æft hjá okkur áfram. Þá teljum við að sá stuðningur þyrfti að vera frá óháðum aðila en ekki foreldri. Bæði foreldrar og þjálfarar hafa ítrekað kvartað yfir hegðun hans síðustu ár. Við reyndum fyrst mildari aðferðir eins og fræðsluna sem Kristín samskiptaráðgjafi var með. Þar var gerður samskiptasáttmáli fyrir bæði foreldra og iðkendur sem þið hafið átt erfitt með að tileinka ykkur. Kær kveðja, Bjarni“

Kristín Skjaldardóttir frá Samskiptaráðgjafa staðfesti að þetta séu meðmæli hennar, hún telur að það væri betra fyrir félagið að reka Ivan út. Þó það hafi verið ég sem leitaði mér aðstoðar vegna kerfisbundins eineltis. Síðasta eitt og hálft ár hefur hann orðið fyrir miklu og grófu einelti frá börnum, foreldrum þeirra, stjórnendum klúbba (sem eru foreldrar þessara barna) og þjálfara.

Ég leitaði til Samskiptaráðgjafastofnunarinnar um aðstoð. Kristín Skjaldardóttir kom, safnaði öllu slúðrinu og með sameiginlegri ákvörðun samþykktu þau að reka son minn úr félaginu. Orð mín um að börn í búningasklefanum væru að berja son minn í hóp, móðga þá og að foreldrar þeirra væru að kalla hann alls kyns viðbjóðslegum orðum voru algjörlega hunsuð. Engar forsendur voru veittar fyrir annað en orð þeirra, þó að margar myndavélar séu í byggingunni, eru allir leikir teknir upp og settir á YouTube og tölfraði leikja haldið. Mér finnst það ólöglegt þegar foreldrar mynda klíku til að reka barn út úr samtökum sem sinna tómstundabjónustu barna.

Rökstuðningur kæranda:

Ekki er hægt að sjá á hvaða heimildum í lögum félagsins, sérsambandsins eða íþróttahreyfingarinnar brottvísunin er reist.

Eina sem lagt er til sem ástæða er fötlun kæranda líkt og kemur fram í rökstuðningi félagsins. Sú vitneskja getur hins vegar ekki þjónað sem málefnaleg ástæða þess að mismuna kæranda um þátttöku í almennu starfi félagsins.

Þvert á móti skapar vitneskjan um fötlun kæranda skyldu á félagið til að tryggja honum viðeigandi aðlögun, sbr. 7. gr. (a) laga um jafna meðferð utan vinnumarkaðar nr. 85/2018, að hafðri frekari hliðsjón til 10. og 15. gr. sömu laga. Í lögskýringargögnum um skyldu til viðeigandi aðlögunar segir:

Skyldan til viðeigandi aðlögunar er einstaklingsmiðuð viðbragðsskylda sem stofnast um leið og krafa um viðeigandi aðlögun er sett fram. Skyldan til viðeigandi aðlögunar krefst þess að sá sem krafan beinist að ráðfæri sig við þann sem ber upp kröfuna um það hvað telst viðeigandi aðlögun í því tiltekna tilviki. Mikilvægt er að hafa í huga að skyldan til viðeigandi aðlögunar takmarkast

ekki eingöngu við tilvik þar sem fatlaði einstaklingurinn hefur krafist viðeigandi aðlögunar eða þar sem unnt er að sanna að sá sem skyldan beinist að hafi í raun vitað um fötlun einstaklingsins. Skyldan til viðeigandi aðlögunar varðar jafnframt tilvik þar sem sá sem krafan beinist að hefði mátt vita að einstaklingurinn væri fatlaður sem gæti kallað á viðeigandi aðlögun til að þessi tiltekni einstaklingur geti átt aðgengi og nýtt réttindi sín til jafns við aðra.

Að meginreglu eiga öll börn jafnan rétt til þátttöku í hvers konar almennu félagsstarfi á sviði tómstunda og íþróttar, án greinarmunar. Það er hluti af þeim almennu réttindum og grundvallarfrelsi sem varin eru í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins og alþjóðlegum mannréttindasamningum, s.s. samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Aukinheldur er það eitt af grunngildum íþróttahreyfingarinnar að viðurkenna þátttöku allra barna í íþróttum og gæta að jafnræði, líkt og sjá má af stefnu ÍSÍ í íþróttum barna og unglunga.

Einhverfuróf kæranda dregur ekki úr manngildi hans eða réttindum, enda getur hann ekki borið ábyrgð á einkennum skerðingar sinnar, ekki frekar en lögblindur einstaklingur getur borið ábyrgð á sjónleysi sínu.

Það kemur því til ábyrgðar annarra að mæta ólíkum einstaklingum hverju sinni og koma í veg fyrir að þeir sæti óvilhallri og ósanngjarnri meðferð vegna fötlunar sinnar eða annarra verndaðra mismununarþátta, sbr. áður nefnd 7.gr. (a) í lögum nr. 85/2018.

Kærði getur ekki varpað þessari ábyrgð yfir á aðra. Skyldan um viðeigandi aðlögun hvílir á kærða, sem almennum félagasamtökum, og þar af leiðandi á ábyrgð félagsins að gera allt sem í sínu valdi stendur til að gera nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir til að mæta kæranda, ásamt því að bera sönnunarbyrðina ef það telur sig ekki vera að mismuna honum á grundvelli fötlunar með því að gera einhverfuróf hans að meginástæðu þess að hann fái ekki að æfa hjá félaginu. Meðal ráðstafana sem eru óreynd en gætu komið til er viðbótarþjálfari eða aðkeypt þjónusta við æfingar. Vert er að benda á að samkvæmt 2. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks jafngildir neitun á viðeigandi aðlögun því að mismuna einstaklingi á grundvelli fötlunar.

Að ofangreindu gerir kærandi kröfu um að kærði dragi ákvörðun sína til baka og tryggi honum viðeigandi aðlögun á meðan æfingu stendur, þannig að hann fái notið sama réttar og aðrir iðkendur sem æfa hjá Skautafélagi Reykjavíkur en sæti ekki óvilhallri meðferð sökum fötlunar sinnar.

II.

Greinargerð kærða, Skautafélags Reykjavíkur dags 19. nóv 2024, barst dómstól ÍSÍ 20. nóv 2024.

Efni: Svar við erindi sem barst Dómstól ÍSÍ 14. nóvember 2024.

Bréf þetta er til að svara erindi Eleny Zakharova, móður Ivans Zakharov, iðkanda hjá íshokkídeild Skautafélags Reykjavíkur (hér eftir SR).

SR vísar á bug ásökun um að iðkandinn Ivan Zakharov hafi verið rekinn úr félaginu sökum fötlunar.

Eins og fram kemur í gögnum móður óskaði SR þess á fundi með henni og Samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs að Ivan tæki sér frí þar til viðeigandi stuðningur kæmi sem gæti verið honum til stuðnings á æfingum og í klefa svo hann gæti æft áfram hjá félaginu.

Móðir hafnaði þeirri ósk og taldi vandann vera hjá öðrum börnum, þjálfurum og foreldrum.

Hvorki stjórn SR né þjálfarar félagsins hafa verið upplýstir um hvort Ivan sé með greiningar né hverjar stuðningsþarfir hans eru frá því hann byrjaði að æfa hjá félaginu fyrir nokkrum árum. Örþrifaráð er að óska eftir því að barn taki sér hlé frá æfingum. Er það gert vegna hræðslu og vanlíðunar annarra liðsfélaga þegar hann er á æfingum og í keppni.

Í gegnum árin hafa komið upp þó nokkur samskiptavandamál milli Ivans og annarra iðkanda. Ivan hefur verið sakaður um að beita aðra iðkendur ofbeldi á æfingum sem og mótherjum í keppni. Í byrjun september réðst hann t.d. að öðrum iðkanda inn á æfingu fyrirvaralaust en Melkorka Otradóttir, þjálfari og móðir í félaginu varð vitni að því er hún sat á pöllum og fylgdist með æfingu.

Bæði stjórn og þjálfarar hafa gert tilraunir til að leysa samskiptavandann með samtölum, fundum, að aðskilja iðkendur á æfingum o.fl. Samnefnarinn í flestum málum hefur verið Ivan en gegn mismunandi iðkendum. Samkvæmt þjálfara flokksins, Miloslav Racansky, er lítið um samskiptavandamál milli iðkenda þegar Ivan er ekki á æfingum eða mótum.

Á vormánuðum 2024 barst formleg tilkynning frá móður um einelti sem stjórn kannaði. Bæði upplýsingar frá þjálfurum og öðrum foreldrum voru að Ivan átti sinn þátt í þeim samskiptavanda. Kannaðar voru ásakanir móður gagnvart öðrum foreldrum en enginn fannst sem gat staðfest þær ásakanir. Upplifun foreldra og þjálfara af sömu atburðum voru gjörólík upplifun móður.

Fundur var haldin með móður (Elenu), yfirþjálfara og foreldrum annars iðkanda og lagt til umbunarkerfi fyrir þá tvo til að draga úr líkum á samskiptavanda milli þeirra. Var það prófað í nokkurn tíma en á endanum var Elena ekki sátt við það. Var henni þá ráðlagt af SR að leita til samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs sem fundaði bæði með móður og síðan fulltrúum stjórnar.

Samskiptaráðgjafi lagði til fræðslufundi með annars vegar iðkendum og hins vegar foreldrum iðkenda sem fóru fram í lok september. Á fundi með iðkendum var gerður sérstakur samskiptasáttmáli (sjá fylgiskjal). Sú vinna skilaði ekki tilsettum árangri þar sem á sama tíma bárust tilkynningar frá foreldrum annarra iðkenda um áframhaldandi samskiptavanda Ivans við börn þeirra. Foreldrar sögðu mörg að börn þeirra forðist að vera í klefa með Ivani og einhverjir vilji hætta að æfa íþróttina vegna hans. Börnin upplifa sig ekki örugg með Ivan inn í klefa eða á æfingum.

Að mati SR var búið að reyna allar mildari leiðir, samvinnu og fræðslu og ítrekað hefur verið leitað eftir samvinnu við móður. En þar sem ekkert hefur skilað árangri var niðurstaðan að funda með móður. Þann fund sat Kristín samskiptaráðgjafi og var óskað eftir því við Elenu að hún myndi sækja um stuðning hjá sínu sveitarfélagi fyrir Ivan á æfingum.

Í byrjun september hafði SR leitað til Kópavogsbæjar, þar sem Elena og Ivan hafa lögheimili, hvort einhver stuðningur væri í boði í íþróttum fyrir börn með hegðunarvandamál.

Björg Baldursdóttir, formaður velferðarráðs svaraði: „Ég myndi halda að ef barnið væri metið með þörf fyrir stuðning í skóla vegna hegðunarferðleika þá gætu foreldrar hans mögulega sótt um liðveislu/stuðning til frístunda.“

Okkur sem íþróttafélagi ber að hugsa um allan flokkinn og velferð allra iðkenda og því fannst okkur ekki hægt annað en að Ivan fengi stuðning með sér á æfingum til að tryggja öryggi og vellíðan alls flokksins.

Á þessum fundi með samskiptaráðgjafa og Elenu beindi hún spjótum sínum að flestum í félaginu, stjórn, iðkendum, foreldrum og þjálfurum. M.a. að foreldrar í flokknum væru með samsæri gegn Ivan og væru að hefna fyrir það að hún hafi leitað til samskiptaráðgjafa. Henni var bent á að enginn

nema stjórn félagsins hafi verið upplýst um að hún hafi leitað til þeirra. Hún kom með allskonar ásakanir sem ekki eiga við rök að styðjast og niðurstaða hennar að Ivan hefði ekki sagt eða gert neitt af sér, en allir aðrir sekir.

Bæði þjálfarar og aðrir foreldrar í flokknum hafa mætt sama viðmóti frá móður, sem er að ábyrgðin hvíli ávallt hjá öðrum en barni hennar. Í öllum þessum samtölum hefur móðir hvergi upplýst um einhverfu barns né stuðningsþarfir hans. Eru fulltrúar SR fyrst núna í bréfi sem móðir leggur fram til dómstóls ÍSÍ að heyra að hann sé á einhverfurófinu.

Ef Ivan er greindur með einhverfu gæti það útskýrt bæði hegðunar- og samskiptavandamál hans en undirstrikar jafnframt nauðsyn þess að hann fái stuðning frá sínu sveitarfélagi.

Þá hefur hegðun Elenu verið vandamál í félaginu undanfarin ár. Hrópar hún mikið á Ivan á æfingum frá áhorfendapöllum á rússnesku með mjög neikvæðum tón. Þótt það skiljist ekki er auðvelt að átta sig á að það er ekki hvatning þar á ferð. Einnig hefur hún sótt hart að þjálfurum og gagnrýnt hvað þeir hafa verið að gera, komið til þeirra bæði á meðan æfingum stendur og eftir æfingar. Í upphafi þessa tímabils var ákveðið að enginn úr U12 fengi að æfa upp fyrir sig með U14 á meðan komist væri til botns í þessu máli. Elena fullyrti að önnur börn í flokknum hafi fengið að æfa upp fyrir sig, sem er ekki rétt, og var mjög ósátt við að Ivan fengi það ekki. Hefur hún mikið kvartað í Milos yfirþjálfara vegna þess og upplifir hann það sem mikið áreiti.

Vert er að benda á siðareglur og hegðunarviðmið SR ([sjá hér á vef félagsins og fylgiskjal](#)), en þar koma fram hegðunarviðmið bæði fyrir iðkendur og foreldra. Vísun við í liði 1b, 1c, 1d, 1e, 2a, 3a og 3c varðandi Ivan og 1, 3, 4, 5, 6 og 7 í hegðunarviðmiðum fyrir forelda varðandi Elenu.

Varðandi þá kröfu að félagið tryggi honum „viðeigandi aðlögun á meðan æfingu stendur“ má benda á að félagið er með einn starfsmann í fullu starfi sem er yfirþjálfari alls félagsins og þjálfari nokkra flokka, nokkra aðra þjálfara í litlu hlutastarfi og í hlutastarfi íþróttastjóra. Að öðru leyti er félagið rekið af sjálfbóðaliðum úr hópi foreldra. Félagið hefur því hvorki þekkingu eða burði til að vera með starfsmann í að sinna einum iðkanda með hegðunarvanda. Þess vegna var farið þá leið að óska eftir því að foreldri myndi sækja um stuðning hjá sínu sveitarfélagi til þess að barnið gæti æft áfram.

Það er einlægur vilji félagsins að Ivan geti fengið að blómstra í sinni íþrótt á eigin forsendum. Það er hins vegar mat þeirra sem koma að málum hjá SR að það gangi ekki án þess að hann fái stuðning, þannig að hann rekist síður á við önnur börn sem hann æfir með.

Virðingarfyllt
Stjórn íshökkídeildar SR

III.

Kærandi gafst tækifæri á gera ath. við grg. kærða, og skilaði greinargerð dags 02.12.2024, til dómstólsins.

Efni: Svar kærandi við greinargerð Skautafélags Reykjavíkur 19.11.2024

Skrifleg lýsing á uppsögn sonar míns Ivans frá íshökkífélaginu SR eru notuð mýkri orðatiltæki en þau sem Bjarni Helgason leyfði sér í munnlegu máli. Allt samtalið var byggt á því að Ivan er með einhverja augljósa greiningu sem leiddi til þess að hann getur ekki haldið áfram að æfa í félaginu. Orðalagið um að hann sé stöðvaður tímabundið þar til hann sjálfur kemur með stuðning er bara uppátæki til að sniðganga lögin.

Eins og félagið krafðist skrifaði ég strax umsókn um stuðning til Kópavogsbæjar. Tveimur vikum síðar hringdu þau í mig og ég lýsti núverandi ástandi. Það var útskýrt fyrir mig að þessi þjónusta virkar ekki eins og SR vill. Starfsmenn mega hefja störf klukkan 7 og mega ekki fylgja nemanda á æfingar sem hefjast klukkan 6:30. Auk þess er enginn sólarhringsaðstoð fyrir lengri ferðir, sem er nauðsynlegt fyrir helgarmót á Akureyri. Krafan um að starfsmaður geti fylgt barni á ísinn á skautum er líka ómöguleg. Almennt séð er stoðþjónustan hugsuð til að hjálpa foreldrum í neyð en ekki félögum sem vilja spara peninga með þessum hætti á kostnað sveitafélagsins. Þessi mál er í vinnslu, það tekur tíma að meta þörfina, undirbúa mat, en lokasvarið, eins og mér var sagt, verður neikvætt. Bæjarfélagið gerir það ekki.

Við lestur þess sem Bjarni skrifar í lýsingu sinni get ég sagt að öll orð hans séu stórlega ýkt og margt er ekki satt.

Í ágúst, 12.08.2024 fór sonur minn í aðgerð til að fjarlægja botnlangabólgu. Hann eyddi tveimur vikum í rúminu og aðrar tvær vikur án íþróttaiðkunar. Strax á fyrsta degi, þegar hann fór á ísinn, keyrði eitt barn (sonur eins þjálfarans) á móti honum og með orðunum „Ég er betri en þú,“ sló son minn í aðgerðarmagann með kylfu. Þeir lemjá venjulega í maga vegna þess að það er óvarið svæði á milli topps og botns hlífðarbúningsins. Sonur minn ýtti hvatamanninum frá sér, þeir börðust aðeins. Síðar bað upphafsmaður átakanna Ivan afsökunar, Ivan baðst afsökunar til baka og það voru ekki fleiri átök á milli þeirra.

Þetta atvik sá Melkorka Otradóttir, þjálfari íshökkískóla, hún byrjaði strax að öskra á Ívan úr stúkunni og fór svo til stjórnenda (eins og mér skildist að það væri Bjarni), og sagði að Ivan væri hættulegur öðrum börnum. Hún var kennari í leikskólanum Arnarsmára hans Ivans. Hún sagði að á leikskólanum notaði Ivan stöðugt stuðningsþjónustu og talaði um greiningu hans. Eftir orð hennar var ákveðið að fjarlægja Ivan úr þjálfun og setja þau skilyrði sem lýst er í uppsagnarbréfinu. Þegar Bjarni sagði þetta tók ég fram að þetta væri þagnarbrot, Melkorka hefur engan rétt á að tala um leikskólanemendur sem hún hefur viðkvæmar upplýsingar um. Því svaraði Kristín Skjaldardóttir úr Samskiptaráðgjafa að Melkorka sé skylt að tilkynna slíkt til stjórnenda ef hún veit af því. Ég taldi þetta brot á trúnaði og leitaði til menntamálaráðuneytis Kópavogs um lausn. *Mál þetta er nú í rannsókn.*

Rétt væri að taka fram að þegar Ivan kom í leikskólann talaði hann ekki einasta orð í íslensku, hann var alls ekki meðvitaður um hvað var að gerast í kringum hann, hvað var verið að segja við hann. Það var mjög erfitt fyrir hann í leikskólanum, í fylgd með honum var alltaf leikskólastarfsmaður. Í skólanum hafði hann aldrei fylgdarmann. Í bekknum hans eins og öðrum bekkjum er 1 skólastarfsmaður á 50 nemendur. Ég tel óviðeigandi að vísa til upplýsinga um það sem gerðist í leikskólanum, sérstaklega aflað með ólögmætum hætti. Ef stjórn félagsins telur nauðsynlegt að veita stuðning, láti þá sjá fyrir öllum í hópnum, eins og alls staðar er gert, það þýðir ekkert að niðurlægja son minn. Í U-12, þar sem sonur minn æfir, er meirihluti barna með einhvers konar greiningu og vegna þess eru vandamál í samskiptum þeirra á milli.

Varðandi það að félagið eigi ekki pening fyrir aukamann. SR er aðallega til á peningunum sem það fær frá barnaæfingunum. En eini þjálfarinn á fullum launum þjálfar fullorðinslið karla og kvenna (sem börn Bjarna æfa í). Börn eru þjálfuð af hverjum sem er: ungum leikmönnum karlaliðsins, iðkendum úr eldri flokkum, foreldrum, sjálfboðaliðum fyrir mjög lítinn pening eða ókeypis. Í ár eru engar þrekæfingar í U-10 og U-12 en félagið úthlutaði peningum fyrir stjóra frá Ítalíu til að velja leikmenn í kvennaliðið [Starfsfólk og þjálfarar « Skautafélag Reykjavíkur](#). Ef SR er að safna peningum frá iðkendum, ættu það þá ekki að bjóða upp á gæðaðþjálfun og þjónustu fyrir þau fremst?

Almennt séð njóta aðeins börn stjórnenda, foreldrafélagsins og þjálfara góðrar þjónustu í félaginu. Þau æfa með nokkrum flokkum hærri og lægri að aldri til að hafa forskot á önnur börn. Dóttir Bjarna tilheyrir til dæmis U-14 en auk þessa flokks æfir og spilar hún í U-16-18, fullorðinsflokki

kvenna og stúlknaæfingum og spilar á öllum karla- og kvennamótum. Hin börnin í U-14, nema barn annars yfirmanns, æfa aðeins með floknum sínum.

Það að enginn æfi eða spili yfir aldur í U-12 er lygi, hér er mynd frá U-14 mótinu 22. nóvember 2024, númer 21 er sonur konu úr stjórn félagsins sem tilheyrir U-12.

Þegar foreldrar spyrja spurninga um hvers vegna þetta er gert, lýsir þjálfarinn því yfir því brjálæðislega að þeir sem vilja æfa meira ættu að fara í almenningsskauta fyrir aukapening. Eða að ráða einkaþjálfara fyrir peninga líka. En börn stjórnenda eru með mikla þjálfun ókeypis, af hverju ættum við hin að kaupa aukaðþjálfun fyrir okkur sjálf? Ég fer reglulega með barnið mitt á almenningsskauta og hef aldrei hitt börn stjórnenda þar.

Varðandi yfirþjálfarann Miloslav Racansky. Hann ræður nákvæmlega engu, stjórnendur skipta iðkendum í lið, ákveða hverjir spila og æfa með hvaða flokki, náttúrulega fyrst og fremst að sjá um sín eigin börn. Til dæmis var sonur minn settur í leikbann frá tveimur mótum á þeim forsendum að „það er betra án hans“.

Milos er stöðugt dónalegur, það er ómögulegt að tala við hann. Í september leitaði ég til hans og spurði hvort barnið mitt myndi æfa með U-14, síðan í fyrra æfði hann með þeim. Ég á rétt á að fá upplýsingar, ég þarf að skipuleggja frítíma sonar míns. Ivan bað mig um að fá að fara í Myndlistaskólann, dagskráin þar var einmitt þá daga sem U-14 var með æfingar. En vegna þess að þjálfarinn sagði: "já, seinna", skráði ég hann ekki á þetta námskeið. Milos stóð ekki við loforð sitt, leit á orð mín sem yfirgang og kvartaði til stjórnenda. En samkvæmt reglum SR og ISI er honum skylt að veita upplýsingar um þjálfunarferlið. Og ég truflaði hann aldrei á æfingu, þessi fullyrðing er röng.

Almennt séð talar Milos mjög dónalega. Sem dæmi má nefna að á leik SR-Fjöltnir Toppdeild karla 23.11.24 [SR - Fjöltnir Toppdeild karla 23. nóv 2023](#) klukkan 1.27.26 segir kvenkyns álitsgjafi: "Milos segir "kurva", þetta alls ekki fallett, yfirleit ef hann segir þetta við mig".

Á meðal leikmanna liðsins eru 15 ára börn. Þetta orð, sem þýðir "tík, hóra", eins og önnur orð, heyrir oft á æfingum barna. Hann niðurlægir oft börn, til dæmis sagði hann syni annars þjálfara: "ekki hlaupa svona illa, þú ert ekki Ivan". En þetta: „það er betra án Ivan“ - hefur þjálfarinn rétt á að tala svona? Hann lætur Ivan stöðugt æfa sig og spila við börn sem eru ekki eins sterk og hann, auðvitað líkar þeim það ekki. Þetta endalaus andlega ofbeldi af hálfu þjálfarans er að eitra líf barnsins míns.

Iðkendur keppa um sæti í liðinu. Ef Ivan verður rekinn út, munu margir taka sæti hans. Í félaginu er ekki unnið að því að sameina liðið, maður getur oft heyrt „ég er betri“, „nei, ég er betri“, „ég er betri en Ivan“, og svo framvegis.

Í vor bað ég Samskiptaráðgjafa að koma í félagið til að bæta samskipti barnanna. Ég bjóst við því að unnið yrði að því verki sem lýst er til dæmis í bæklingnum *Aðgerðaráætlun gegn einelti og annarri óæskilegri hegðun* sem gefið er út af Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands 2013. [Einelti í íþróttum](#). En Kristín Skjaldardóttir, sem kom, safnaði einfaldlega öllu slúðrinu og tók þá ákvörðun að það væri besti kosturinn að reka fatlaða barnið út. Í stað þess að kenna börnum að lifa saman og læra að vera trygg við alla í kringum þau fór hún að leita að blóraböggli. Að hennar sögn tók hún viðtal við alla foreldra um afstöðu þeirra til Ivans, fór til félaga andstæðinganna og spurði þá um son minn. Ég skil ekki alveg hvernig þetta gerðist, safnaði hún öllum foreldrunum fyrir aftan bakið á mér og ræddi son minn við þá? Eða sent út spurningalista um son minn til allra? Vegna þess að ég var svo sannarlega ekki hluti af þessu ferli. Er þetta jafnvel lögfræðileg venja? Allt þetta talar um algjöra vanhæfni hennar. En Samskiptaráðgjafi eru fulltrúar Íþróttasambands Íslands.

Samkvæmt tímaröðinni er ljóst að aðgerðir Samskiptaráðgjafa voru notaðar til að reka son minn á brott. Af skýringum Bjarna leiðir að ákvörðunin var tekin í byrjun september. Bjarni skrifar að í byrjun september hafi hann ráðfært sig við yfirman velferðarráðs Kópavogsbæjar. Sú staðreynd að síðustu dagana í september hélt Kristín Skjaldardóttir fundi með börnum og foreldrum var formsatriði, við vorum rekin út í október, þá höfðum við ekki tíma til að brjóta neitt.

Og þegar Bjarni segir stjórnendur, foreldrafélag, foreldrar, þjálfarar, þá verðum við að taka með í reikninginn að þetta er sama fólkið. Flestir í félaginu vita ekki einu sinni um tilvist barns sem heitir Ivan.

Yfirlýsingar Bjarna um hegðun Ivans í garð andstæðinga sinna á mótum eiga líka ekki við rök að styðjast. Allir leikir eru settir á YouTube, leiktölfræði er geymd. Ég hef ekki aðgang að tölfræði, svo ég get ekki birt það hér, en ég get sagt að Ivan var ekki með eina refsímínútu í fyrra, þó að refsingar séu algengar í íshokki. Til dæmis er barnið sem sló Ivan í magann eftir botnlangabólguaðgerð fjarlægð 4 sinnum á meðan á mótinu stendur, en það er sonur þjálfara, enginn áminnir það. Annað barn í síðasta leik í vor fékk 5 refsímínútur fyrir mjög gróft högg á mótherja sem gerist afar sjaldan á mótum yngra flokka. Ég sá þetta í fyrsta skipti. Hann fékk heldur engar athugasemdir. Bjarni kom ekki með eina einustu tilvísun til að styðja orð sín um grófan leik sonar míns. Ivan spilar mjög hreint, eins og ég sagði, allir leikirnir eru settir á YouTube.

Ég mun ekki einu sinni tjá mig um hegðun mína og samtöl á rússnesku, þetta er ofar skynsemi.

Bjarni segir að kvartanir mínar um að sonur minn hafi verið lagður í einelti hafi ekki verið staðfestar. Hvaða sérstaka staðfestingu þarf til þess að þetta sé annað árið sem mamma frá stjórnun skipuleggur afmælisveislur fyrir son sinn, þar sem hún býður öllu liðinu nema syni mínum? Að börn í búningasklefanum hafi verið að henda fötunum hans af króknum á gólf, einu sinni að brjóta snjallsímamann hans í leiðinni? Þegar barnið mitt segir að hann hafi verið barinn af hópi í búningasklefanum? Allt þetta og margt fleira hefur ekki verið staðfest?

Sonur minn var alltaf lagður í einelti fyrir að líta út, tala og haga sér öðruvísi en aðrir krakkar. Milos og Bjarni sögðu mér ítrekað niðurlægjandi að þeir hefðu grunað son minn um einhvers konar greiningu. Jafnvel núna, þegar ég upplýsti þá um sjúkdómsgreininguna, krefjast þeir þess að syni mínum sé bannað að mæta á æfinguna þar til hann fær stuðning frá Kópavogi, sem, eins og ég útskýrði hér að ofan, er ómögulegt. Þetta er brot á réttindum fatlaðs fólks og stefnu ÍSÍ í íþróttum barna og unglinga. Ef þau veita börnum þjónustu verði hún að vera aðgengileg öllum. Þetta er það sama og að segja hjólastólnotanda að byggja sjálfur pall fyrir hjólastólinn svo hann geti heimsótt Skautahöllina.

Ivan sýnir ekki slæma hegðun. Ég er viðstödd allar æfingar og í búningasklefanum á meðan hann klæðir sig. Bjarni kom aftur á móti ekki með eitt einasta dæmi, fyrir utan það tilvik þegar barnið mitt, eftir aðgerð til að fjarlægja botnlangabólgu, á að hafa ráðist á annað barn.

Varðandi siðareglur félagsins, þá get ég sagt að enginn sýndi mér þessar reglur, undirskriftin mín er ekki þar. Ég vissi ekki einu sinni að þær væru til. Nú hafa siðareglurnar verið endurskrifaðar og líta svona út: [Siðareglur « Skautafélag Reykjavíkur](#). Frá mér sjálfri get ég sagt að stjórnarnir brutu gegn 1a,b, 2a,c,d,e, 3a,c, 4e. grein þessara reglna, yfirþjálfarinn braut 1a,b,c, 2a,c, 3a,b,c,, 4a,d,f,g, 5c, 6a,b, og iðkendur brjóta reglulega reglur 1a,b,s,d,e, 2a,b, 2(ætti að vera 3)a,b,c.

Að lokum get ég sagt að þetta fólk hafi eyðilagt líf sonar míns, það veit að hann lifir fyrir þessa íþrótt. Nú skuldar félagið syni mínum mánaðar æfingar og 2 mót (8 leikir). Ég bið um að fá að snúa syni mínum aftur í íþróttir eins fljótt og auðið er.

Virðingarfyllt,
Elena Zakharova

IV.

Athugasemdir frá kærða bærust dómstólnum 10. des. 2024

Efni: Svar við athugasemdum Elenu Zakharova frá 2.12. 2024.

SR vísar alfarið á bug þeim fjölmörgu, ómálefnalegu og alvarlegu ásökunum sem Elena ber á borð gagnvart félaginu, stjórnarfólki, þjálfurum, foreldrum og iðkendum, ásakanir sem eru ekki studdar af neinu. Ásökunum verður stuttlega svarað lið fyrir lið en annars vísun við í greinargerð okkar við kærana.

Varðandi fund með Elenu, Kristínu frá Samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs og Bjarna Helgasyni og Elísabetu Stefánsdóttur úr stjórn íshökkídeild SR.

Það var ekkert þar sagt sem ekki þolir dagsins ljós. Þar eru þrír aðilar til vitnis um það sem þar fór fram. Þar var aldrei nefnt að Ivan væri með „augljósa greiningu“ enda heyrðum við fyrst af því í kærnu Elenu nokkru síðar. Þess má geta að Kristín samskiptaráðgjafi óskaði eftir að vera á fundinum til áheyrnar þar sem málið var enn opið hjá samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs á þeim tíma. Vildi Kristín vera meðvituð um það sem Elena yrði upplýst um á fundinum til að samskiptaráðgjafi hefði fulla vitneskju um það sem fram færi.

Varðandi aðstoð frá Kópavogsbæ.

Samkvæmt þeim svörum sem við fengum við almennri fyrirspurn okkar til Kópavogsbæjar er þessi þjónusta sannarlega í boði og gengur undir heitinu persónulegur ráðgjafi. Sú þjónusta myndi gera okkur kleift að ráða til starfsmann sem getur veitt Ivan stuðning á æfingum og í klefa. Það eru engar formlegar æfingar kl. 6.30 á morgnana eins og Elena talar um. Það er tilraunaverkefni í gangi sem fór nýlega af stað þar sem boðið hefur verið upp á auka-æfingu kl. 6.30 á þriðjudagsmorgnum ef næg skráning er á viðkomandi æfingu. Engin krafa er um mætingu á þessar morgunæfingar. U12 er með þrjár fastar æfingar sem eru mánudaga kl. 16.10, miðvikudaga kl. 18.00 og laugardaga kl. 10.

Varðandi atvik þar sem fullyrt er að ráðist hafi verið á Ivan stuttu eftir aðgerð.

Það vissi enginn að Ivan hafði verið í aðgerð þar sem Elena upplýsti engan um það og er félagið að heyra af því fyrst í athugasemdum hennar. Teljum við því ólíklegt að krakkar hafi verið að reyna að lemja hann með kylfu á því svæði sem hún talar um til að meiða hann eftir aðgerðina. Varðandi atvikið þar sem Ivan ræðst á annan iðkanda á ísnum þá segist Melkorka hafa kallað á Milos þjálfara til að vekja athygli hans á atvikinu. Melkorka hefur ekki tjáð félaginu að Ivan sé hættulegur öðrum og heldur ekki deilt með félaginu neinni vitneskju sem hún hefur úr starfi sínu sem leikskólakennari hans. Höfum við í stjórn því engar upplýsingar um eitthvað sem gerðist þar enda kemur það þessu máli ekkert við. Elena bar á borð alvarlegar og órökstuddar ásakanir í garð Melkorku á fundinum með Kristínu frá Samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs þegar hún vissi að viðkomandi væri vitni að því þegar Ivan réðst á iðkandann. Sagði að Melkorka lemdi börnin sem hún kenndi í leikskólanum, sem hljómar eins og ein önnur órökstudd og alvarleg ásökun hennar út í loftið. Þess má geta að fleiri foreldrar voru vitni að því þegar Ivan réðst á iðkandann.

Varðandi að meirihluti barna í U12 floknum séu með greiningar.

Það er fjarstæðukennt að halda þessu fram og augljóslega engin stoð fyrir þessari fullyrðingu. Frá því að Ivan var settur í frí hafa ekki verið samskiptavandamál og þjálfari og foreldrar iðkenda hafa talað sérstaklega um það hvað allt gangi vel innan flokksins.

Varðandi fjármál og þjálfara.

Félagið greiðir engum erlendum „stjóra frá Ítalíu“ og er félagið hagkvæmlega og vel rekið. Vel er farið með þá fjármuni sem félagið fær í gegnum iðkendagjöld og fer megnið af þeim í laun þjálfara yngri flokka.

Varðandi börn stjórnenda.

Fyrir utan að það er ekki rétt hverju Elena heldur fram um dóttur Bjarna eða önnur börn stjórnarfélks þá er það vandséð hvernig það kemur málinu við. Stjórnarmeðlimir ákveða ekki eða koma að ákvörðunum þjálfara um hverjir æfa og spila upp fyrir sig. Byggja þjálfarar á sinni reynslu og þekkingu, getu iðkenda til að spila með eldri iðkendum, ásamt reglulegum skauta prófum þar sem kannaður er hraði, tækni og úthald.

Varðandi að enginn æfi upp fyrir sig úr U12.

Þegar þetta var skrifað í greinargerð okkar var það rétt að enginn úr U12 æfði eða spilaði með U14. Umsjónarþjálfari U14, Hákon Magnússon, bauð síðar tveimur leikmönnum sem að hans mati hafa getuna að koma og æfa með U14 og tóku þeir þátt í U14 mótí í Egilshöll. Sú ákvörðun kemur einnig ekki þessu máli við.

Varðandi ásökun um að börn stjórnarfélks fái allt frítt.

Þeir sem sitja í stjórn greiða sama og allir aðrir fyrir sín börn, fá engan afslátt af æfingagjöldum eða öðru hjá félaginu og því auðveldlega hægt að vísa á bug þeirri ásökun að þeir fái þjálfun ókeypis eða einhverskonar betri þjónustu umfram aðra foreldra. Stjórnarvinna er í SR eins og öðrum félögum sjálfboðaliðastarf þar sem foreldrar eru að leggja sitt af mörkum til að starfsemin geti gengið.

Varðandi leikbann Ivans frá tveimur mótum.

Það kannast enginn við að Ivan hafi verið settur í leikbann frá tveimur mótum því „það væri betra án hans“ og er því ekki vitað hvað er vísað til hér.

Varðandi Milos og meintan dónaskap hans.

Vísun við í upphaflegu greinargerð okkar þar sem kemur fram að Milos hafi upplifað mikið áreiti og afskiptasemi frá Elenu en þjálfarar eiga rétt á að sinna vinnu sinni í friði frá ýtnum og afskiptasömum foreldrum. Varðandi ásanir um eitthvað sem gerist í leik í meistaraflokki karla árið 2023 er erfitt að sjá hvað það kemur málinu við og höfum við hingað til engar kvartanir fengið hvorki frá Elenu né öðrum foreldrum um orðanotkun Milosar á æfingum yngri flokka, hvorki blótsyrði né aðrar aðfinnslur um samskipti við iðkendur af hans hálfu.

Varðandi aðkomu Samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs.

Eins og kom fram í okkar greinargerð hvöttum við Elenu til þess að leita til Samskiptaráðgjafa því við gátum ekki fundið neinn fót fyrir hennar ásökunum og að okkar mati væru allar leiðir til að vinna með Elenu fullreyndar innan félagsins. Samskiptaráðgjafi skoðaði málið og hefur líklega komist að sömu niðurstöðu eftir að hafa rætt við Elenu, fólk úr félaginu og setið fræðslufundi bæði með iðkendum þar sem Ivan var og foreldrum þar sem Elena var viðstödd. Engin ákvörðun var tekin í byrjun september þegar leitað var eftir því hvort það væri í boði að börn með hegðunarvanda fengu stuðning í íþróttum eftir að Ivan réðst á annan iðkanda. Það eina sem það sannar er að við vorum að reyna að vanda okkur í þessu máli og skoða alla möguleika.

Varðandi upptökur af leikjum og tölfræði.

Ekki er haldið utan um tölfræði leikmanna í U12. Allir leikir eru aðgengilegir á Youtube en það er margra vikna verk að fara yfir þá alla og ekki vinnandi vegur fyrir sjálfboðaliða í íþróttastarfi. Að öðru leyti vísun við í upphaflega greinargerð.

Varðandi hegðun Ivans á mótum.

Vandi hefur verið á mótum og í U10 voru þjálfarar annarra liða að leita til þjálfara SR og lýsa áhyggjum vegna grófs leiks Ivans og sérstaklega verið að vísa í þegar hann var að skalla minni börn í leik. Leikmenn í U12 og yngri fá ekki refsímínútur í leik við brotum. Viðvarandi vandi hefur verið í liðinu að Ivan beinir neikvæðni sinni gagnvart sínum leikmönnum þar sem hann ásakar aðra um að einspila, sendi ekki á sig, séu lélegir og kennir þeim um ef leik er tapað. Hann tekur

ekki tiltali frá þjálfurum né liðstjórum á bekknum. Aðrir leikmenn hafa komið grátandi úr leik hvort sem liðið vinnur eða tapar

Varðandi ásakanir um einelti.

Það var umræða meðal foreldra í flokknum um að halda sameiginlegt afmæli en af því varð aldrei og engin afmælisveisla haldin í flokknum. Eins og kom fram í greinargerðinni hefur enginn getað staðfest ásakanir Elenu um einelti í garð Ivans. Hvorki Bjarni né Milos hafa nokkurn tíma talað við Elenu um grun þeirra um greiningar Ivans, hvað þá á niðurlægjandi hátt. Upplýsingar um greiningu Ivans komu fyrst fram í kæru Elenu.

Varðandi siðareglur.

Siðareglum hefur ekki verið breytt heldur gerðar aðgengilegri þegar síðan var uppfærð nýlega og hefur ekkert með þetta mál að gera. Við vísum alfarið á bug að félagið, stjórnarmeðlimir, þjálfarar eða iðkendur hafi brotið þær siðareglur sem Elena vísar til.

Eins og sést í þessari yfirferð stendur ekki steinn yfir steini í ásökunum Elenu í garð félagsins, stjórnar, þjálfara, foreldra og iðkenda. Það er ekki sanngjarnt að félagið og forsvarsmenn þess þurfi að sitja undir þessu og verja tíma sínum í að svara órökstuddum, ómálefnalegum og persónulegum ásökunum sem beinast sífellt í fleiri áttir, verða sífellt alvarlegri og minna og minna í takt við raunveruleikann.

Okkur sem íþróttafélagi ber að hugsa um allan flokkinn og velferð allra iðkenda og það er það eina sem vakti fyrir okkur þegar við óskuðum eftir því að Ivan tæki sér frí þar til hann fengi viðeigandi stuðning á æfingum. Þannig gæti hann æft áfram án þess að það myndi bitna á öðrum börnum í félaginu. Í stað þess að horfast í augu við hegðunarsvandamál sonar síns og reyna að leysa þau í samvinnu við félagið hefur Elena kosið að ásaka alla aðra um allt mögulegt án þess að nokkur fótur sé fyrir þeim ásökunum eins og bæði kæra hennar og athugasemdir bera sterklega merki um.

Virðingarfyllst, Stjórn SR

V.

Niðurstaða.

Í kæru kemur fram að gerð sé krafa um að „*kærði dragi ákvörðun sína, sbr. tölvupóstur dags. 08.11.2024, til baka og tryggji honum viðeigandi aðlögun á meðan æfingu stendur, þannig að hann fái notið sama réttar og aðrir iðkendur að barnastarfi Skautafélags Reykjavíkur en sæti ekki óvilhallri meðferð sökum fötlunar sinnar.*“

Í kæru er vísað til tölvupósts frá 08.11.2024, varðandi samskipti við Bjarna – forsvarsmann kærða- þar segir „*Sæl Elena*

Eins og þú óskaðir þá er hér það sem við ræddum í gær skriflegt. Við fórum yfir ástæður þess að við í stjórn íshokkídeildar sjáum ekki annað fært en að Ivan taki sér frí frá æfingum þar til hann fær stuðning sem getur verið með honum inn á ís og inn í klefa í Skautahöllinni. Markmiðið með þessum stuðningi væri að hjálpa honum með samskipti og hegðun gagnvart öðrum iðkendum svo hann geti æft hjá okkur áfram. Þá teljum við að sá stuðningur þyrfti að vera frá óháðum aðila en ekki foreldri. Bæði foreldrar og þjálfarar hafa ítrekað kvartað yfir hegðun hans síðustu ár. Við reyndum fyrst mildari aðferðir eins og fræðsluna sem Kristín samskiptaráðgjafi var með. Þar var gerður samskiptasáttmáli fyrir bæði foreldra og iðkendur sem þið hafið átt erfitt með að tileinka ykkur. Kær kveðja, Bjarni“

Kærandi kveðst ekki sjá á hvaða heimildum í lögum félagsins, sérsambandsins eða íþróttahreyfingarinnar brottvísunin er reist og vísar í máli sínu til þess að honum hafi verið brottvísað af æfingum hjá kærða. Vísar hann m.a til , 7. gr. (a) laga um jafna meðferð utan

vinnumarkaðar nr. 85/2018, að hafðri frekari hliðsjón til 10. og 15. gr. sömu laga. Þá er vísar kærandi til 2. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Einnig vísar kærandi til þess að siðareglur Skautafélags Reykjavíkur hafi verið brotnar gagnvart sér.


Kærði mótmælir því að kærandi hafi verið útlokaður frá æfingum á vegum kærða, en hefur óskað eftir því að kærandi taki sér frí frá æfingum þar til hann fær stuðning aðila sem getur verið með honum inn á ís og inn í klefa í Skautahöllinni. Kærði telur að sá stuðningur þyrfti að vera frá óháðum aðila en ekki foreldri.

Fyrir liggur því að kærði telur að kærandi þurfi sérstakan stuðning til að geta iðkað íþrótt sína, en ágreiningur er með aðilum hvort viðeigandi stuðningur við hann til æfinga er fyrir hendi. Dómurinn telur að sá ágreiningur varði réttindi kærða er eigi undir almenna dómstóla, en ekki dómstól ÍSÍ.

Af þessum sökum verður ekki hjá því komist, í samræmi við 20. gr. laga ÍSÍ, að vísa málinu frá dómi, af sjálfsdáðum.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.


Ólafur Björnsson hrl
dómari við dómstól ÍSÍ

Um málsskotsheimild:

Grein 24.3 í lögum ÍSÍ:

„Sé máli vísað frá dómi hefur kærandi ^{fimm} ~~þrjú~~ daga frest til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn. Frestur skal byrja að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagar skulu ekki telja með.